

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudaga. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum sínum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími
81333

Kvöldsími
81348

Helgarsími
afgreiðslu
81663



Þrjú af sex börnum Guðrúnar Eggertsdóttur eru á lífi. Þessi mynd var tekin á afmæli Guðrúnar í fyrradag. Talið frá vinstri: Eggert Björnsson, Þuríður Björnsdóttir, afmælisbarnið, Lilja Pálsdóttir dótturdóttir Guðrúnar og Guðrún Björnsdóttir. Ljós. Ól.T.

100 ÁRA

Í fyrradag varð 100 ára Guðrún Eggertsdóttir sem nú dvelur á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Guðrún er fædd í Efri-Langey á Breiðafirði, en var 30 ár húsfreyja í Arney. Haldin var ágæt veisla á sjúkrahúsinu til heiðurs afmælisbarninu. Var þar mætt margt af frændfólki Guðrúnar og þrjú börn hennar, sem á lífi eru. Ljós. Ól.T.



Ásgerður sýnir í Listasafni alþýðu

Laugardaginn 10. október opnar Ásgerður Búa-dóttir myndvefnaðarsýningu í Listasafni Alþýðu v/Grensásveg. Þetta er fjórða einkasýning Ásgerðar hér á landi, en hina síðustu hélt hún árið 1967 í Unuhúsi við Veghúsastíg.

Á sýningunni eru 38 verk, hið elsta frá árinu 1957 en hin yngstu frá þessu ári. Aðeins litill hluti verkanna er til sölu, en flest eru þau í einkaeygu innlendra aðila og hefur Ásgerður safnað þeim saman í þessa yfirlitssýningu á verkum sínum. Ásgerður Búa-dóttir er tvímælalaust frumkvöðull nútíma myndvefnaðar hér á landi og hefur hlotið viðurkenningar fyrir verk sín bæði innanlands og utan.

Langt er um liðið síðan Ás-



gerður hélt sína síðustu einkasýningu og nú gefst því mörgum kær-

komið tækifæri til að kynna sér verk hennar, eldri sem yngri.

Kópavogur:

Enn er deilt um skólamál

„Það var ætlun okkar, að festa betur ákveðin atriði í samþykkt skólanevndar, við vildum að það kæmi eindreginn vilji bæjarstjórnar á því að fjölbrautaskóli yrði settur hér á stofn“, sagði Björn Ólafsson, formaður bæjarráðs í Kópavogi, er blaðið hafði samband við hann í gær.

„Bæjarráðsmaður Framsóknarflokksins, Jóhann N. Jónsson neitaði hins vegar því að eiga aðild að bókun varðandi málið, neitaði að taka þátt í að semja tilögu sem meirihluti bæjarráðsins stæði að“.

„Það má því kanski segja, að tillagan beri því sterkari svip okkar hinna meirihlutamanna. Jóhann lét sig hins vegar hafa það, að standa að bókun, með minnihlutunum.“

„Það sem þeir eru mest á móti, er sá hluti bókunarinnar, þar sem sagt er að bæjarstjórn leggi þunga áherslu á, að hugsanlegar breytingar á starfi grunnskólans í Kópavogi verði komið á með eðlilegri þróun, en ekki með skyndi-

ráðstöfunum. Þetta þýðir að við viljum ekki verða við þeirri ósk menntamálaráðuneytisins, að það fái Þinghóllsskólann til afnota fyrir menntaskólann. Hins vegar er greinilegt að minnihlutamenn vilja afhenda skólann strax næsta haust“.

„Það, að við viljum fá hingað fjölbrautaskóla er engin árás á menntaskólann, eins og sumir hafa dylgjað með. Menntaskólinn hefur staðið sig með ágætum að minnu mati og hlýtur að verða kjarninn í nýjum framhaldsskóla hér í Kópavogi. Málið er það, að við viljum gefa sem flestum tækifæri á að stunda fjölbreyttara nám en verið hefur. Það næst aðeins með því að koma framhaldsskólann hér inn í fjölbrautaskólakerfi“.

Heldurðu að þetta mál kunni að hafa áhrif á meirihlutasamstarfið í Kópavogi?

„Það er ekki nokkur vafi á því að það hefur áhrif, ef samherjar í meirihlutunum neita að ræða og taka þátt í samningu tillagna sem meirihluti hyggst standa að. Ef Framsóknarflokkurinn stendur að baki fulltrúa sínum í þessu máli þýðir það ekki nema eitt“, sagði Björn Ólafsson.

Svkr.

Þróun frystihúsa næstu 5 árin:

25% aukning heildarafkasta

Reiknað er með að afkastageta frystihúsa landsins í heild geti aukist um allt að 25–30% á næstu fimm árum og verði þá orðin um eða yfir 500 þúsund tonn af óslægðum „meðalbolfski“ miðað við 8 klst. vinnudag, 250 daga á ári. Á sama tíma er búist við að meðalnýting hráefnisins vaxi nokkuð.

Heildarafköst frystihúsanna nú miðað við ofanefndan vinnustundafjölda eru áætluð rúmlega 400 þúsund tonn af bolfski og er meðalnýting í flök eða blokk nú talin vera við „eðlileg“ skilyrði 40–41%, en verða 43–44% að 5 árum liðnum eða eins og nú er í „bestu húsunum“.

Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps Rannsóknaráðs um stöðu og horfur í sjávarútvegi næsta hálfa áratuginn. Í spá sinni tekur hópurinn tillit til fjárfestingaráforma og væntanlegrar aukinnar hagræðingar, aukinnar framleiðni á mann og þeirrar tæknivæðingar sem nú ryður sér til rúms.

Hópurinn gerir jafnframt ráð fyrir, að hráefnisnýting í fiskmjólsverksmiðjum fari áfram batnandi og sömuleiðis orkunýting í þeirri grein.

Í afurðagæðum býst hópurinn þó ekki við stökkbreytingum á næstunni, þótt vænst sé að almenn vöruvöndun og meðferð sjávarafurða fari batnandi þegar lítið er til lengri tíma. Hinsvegar er talið líklegt að keppendur okk-

ar á erlendum mörkuðum nálgist íslenska gæðastaðla verulega.

Fiskidnaðurinn stendur á timamótum hvað varðar tæknivæðingu og vélbúnað og má einkum í frystidnaðinum búast við mun hraðari tæknibróun en verið hefur undanfarnin áratug. Mun það leiða til hægara bata á afkomu greinarinnar í heild, en jafnframt etv. til þess, að þeir sem síður hafa efni á tækninýjungum muni neyðast til að hætta rekstri, segir í skýrslunni.

—vh

Banaslys í Keflavík í fyrra-kvöld

Sjö ára gömul stúlka úr Keflavík varð undir bil um kl. 19.40 í fyrra-kvöld. Hún var flutt fyrst á Sjúkrahúsið í Keflavík en síðan á Borgarspítalann í Reykjavík þar sem hún lést af afleiðingum slyssins.

Stúlkann hafði verið ásamt öðrum börnum að leik við kyrrstæðan bil og tengivagn sem honum fylgdi. Bilstjórninn sem var staddur í húsi í námunda varð ekki var við börnin þegar hann steig upp í bílinn og ók af stað. Slysið varð við Birkiteig í Keflavík.